

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 28. janúar 2019
UST201901-117/A.B.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Tillaga að matsáætlun – Stækkun á Keflavíkurflugvelli.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 14. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindra framkvæmda á vegum Isavia (hér eftir framkvæmdaraðili).

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdirnar sem um ræðir eru í raun nokkrar framkvæmdir sem ráðist verður í á komandi árum. Auk þess kemur fram að eftir samráð við Skipulagsstofnun ákvað framkvæmdaraðili að óska eftir heimild til að meta umhverfisáhrif framkvæmda við flugvöllinn í heild, frekar en að tilkynna einstaka framkvæmdir eftir því sem fram vindur. Með þessu móti er auðveldara að fá yfirsýn og meta heildaráhrif framkvæmdanna auk þess sem samlegðaráhrif uppbyggingar verða skýrari.

Loftgæði

Umhverfisstofnun telur að þær matsspurningar um loftgæði sem settar eru fram séu vel úthugaðar en stofnunin telur þó að útvíkka þurfi fimmtu matsspurninguna sem fjallar um samlegðaráhrif.

Umhverfisstofnun bendir á að í skýrslu sem unnin var árið 2016 fyrir Isavia af Háskólanum í Aveiro í Portúgal og verkfræðistofunni Eflu, var reiknaður styrkur nokkurra loftmengunarefna fyrir árin 2015 og 2025. Niðurstöður sýndu að það loftmengunarefni sem þarfnast helst skoðunar er köfnunarefnisdíoxíð (NO₂). Skýrslan sýnir verulega hækkun á styrk efnisins til ársins 2025 og getur hækkun á styrkleika klukkustundargildis numið allt að 150 µg/m³. Hækkunin virðist vera einn mest í byggðinni í Reykjanesbæ. Þeir útreikningar sem sýna þessa miklu hækkun til ársins 2025 eru þó eingöngu frá flugi og ekki er í skýrslunni frá 2016 tekið tillit til losunar frá öðrum uppsprettum. Í tillögu að matsáætlun er hins vegar sagt frá því að í matinu verði einnig tekið tillit til mögulegra samlegðaráhrifa vegna umferðar um Reykjanesbraut og losun frá iðnaðarstarfsemi í Helguvík. Umhverfisstofnun telur það mjög jákvætt að í matinu verði

skoðuð samlegð við aðra losun loftmengunarefna á svæðinu. Stofnunin telur þó æskilegt að heildamyndin sé skoðuð, ekki síst í ljósi þess að skýrslan frá 2016 gefur til kynna verulega hækkun NO₂ til ársins 2025. Í þeim útreikningum er þó einungis reiknað með losun frá fluginu. Ef á annað borð er verið að skoða samlegðaráhrif ætti að skoða allar helstu uppsprettur loftmengunar á svæðinu. Það væri þá öll umferð á svæðinu bæði á Reykjanesbrautinni og önnur umferð, t.d. öll umferð innanbæjar í Reykjanesbæ. Einnig losun frá iðnaði og losun frá skipaumferð til og frá höfnum á svæðinu. Þetta er sérstaklega mikilvægt að skoða fyrir norðurhluta Reykjanesbæjar en þar gerir skýrslan frá 2016 ráð fyrir mestri aukningu NO₂. Aukin flugumferð hefur í för með sér afleidda mengun á svæðinu t.d. meiri bílaumferð ferðamanna í Reykjanesbæ, fleiri hvalaskoðunarferðir og tíðari komur skipa með flugvélaeldsneyti.

Hljóðvist

Í greinargerð kemur fram að gerð verður grein fyrir núverandi ástandi hljóðvistar umhverfis flugvöllinn og Reykjanesbraut og einnig er gerð grein fyrir samlegðaráhrifum hávaða frá flugumferð og umferð um Reykjanesbraut. Það er mat Umhverfisstofnunar að þær matsspurningar sem lagðar eru fram séu til fyrirmyndar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að frummatsskýrslu komi fram hver áhrif annarrar flugumferðar verða á hljóðvist s.s. flugumferð herþota.

Náttúra

Náttúrufræðistofnun Íslands setur fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. Umhverfisstofnun vill benda á að svæðið sem framkvæmdasvæðið nær til er á tillögu að framkvæmdaáætlun (B-hluta) og kallast Kalmanstjörn-Garðskagi, en svæðið er tilnefnt vegna fjöruvistgerða og fugla. Umhverfisstofnun bendir á að upplýsingar um ofangreint svæði er að finna á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands og á kortasjánni <https://natturuminjaskra.ni.is/>.

Það er mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar frummatsskýrslan er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár hefur verið samþykkt getur það haft áhrif á verndarstöðu svæðisins.

Fráveita

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um fráveitumál í frummatsskýrslunni. Stofnunin bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála er, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert er ástand viðtakans og hver áhrifin verða miðað við fyrirfram gefnar forsendur um fjölgun farþega um flugstöðina. Einnig bendir stofnunin á, að ef þörf sé á úrbótum í fráveitumálum og þá þarf að koma fram hver stefna framkvæmdaraðilans sé varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta sé.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvæg að fundnar verði bestu fánlegu lausnir í fráveitumálum fyrir svæðið t.d. með uppsetningu skólphreinsistöðvar.

Úrgangur

Umhverfisstofnun telur mikilvægt fjallað verði um hvernig meðhöndlun úrgangs sem fellur til á framkvæmdasvæðinu verði háttáð, hver staðan er á þeim málum í dag og hver áhrifin verða miðað við aukinn fjölda ferðamanna.

Umhverfisstofnun vill benda á skýrslu sem nefnist „Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2013-2024“ sem var gefin út af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í áætluninni eru sett fram tímasett markmið sem öll miða að því að bæta nýtingu auðlinda og lágmarka þau neikvæðu áhrif sem myndun og meðhöndlun úrgangs hefur á umhverfið og heilsu manna.

Eldsneytiskerfi og olía

Í greinargerð kemur fram að stækka eigi eldsneytiskerfið í takt við fjölgun flugvélastæða til að tengja ný flugvélastæði á fyrirhuguðum austurfingri við núverandi lagnakerfi. Auk þess kemur fram að fjallað verður um mögulegar útfærslur á nýjum eldsneytislögnum í frummatsskýrslu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tekið sé fram í frummatsskýrslu að farið verður eftir reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Auk þess telur Umhverfisstofnun mikilvægt að fjallað sé um möguleg umhverfisáhrif bensínstöðva á framkvæmdasvæðinu.

Samfélag og loftlagsmál


Í kafla 10.9 þar sem fjallað er um samfélagsmál er spurt m.a. hver verða möguleg áhrif fjölgunar ferðamanna á heilbrigðiskerfi, löggæslu og náttúru. Í kafla 10.10 sem fjallar um loftslag er m.a. sagt frá því að orkunotkun tækjabúnaðar og annarra um svæðinu falli undir markmið Íslands í alþjóðasamningum um loftslagsmálum. Umhverfisstofnun telur að mögulega er hægt að horfta á loftslagsmálin í stærra samhengi miðað við þær matsspurningar sem lagðar eru fram í kafla 10.9 og 10.10. Aukinn fjöldi ferðamanna hefur margvísleg áhrif á skuldbindingar Íslands og hugsanlegt er að notkun tækja og búnaðar á flugvallarsvæðinu sé þar óverulegur þáttur í samanburði við losun hvers ferðamanns meðan á dvöl hans stendur. Aukin fjöldi ferðamanna kallar á aukin umsvif á landsvísu. Meiri akstur bílaleigubíla og hópferðabíla, aukna sölu/framleiðslu/innflutning matvæla, aukið skólp magn og aukinn úrgang sem að hluta til endar í urðun eða brennslu. Umhverfisstofnun telur að hægt sé að skoða upplýsingar um kolefnisspor meðal ferðamanns sem heimsækir Ísland.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
Sérfræðingur